

**52. fundur Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps  
haldinn að Aðalstræti 75, Patreksfirði , 25. september 2018 og hófst hann kl.  
16:00.**

**Fundinn sátu:**

Iða Marsibil Jónsdóttir (IMJ), Þórkatla Soffía Ólafsdóttir (ÞSÓ), Lilja Magnúsdóttir (LI), Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓÞ) og Gerður Björk Sveinsdóttir (GBS).

**Fundargerð ritaði:** Gerður Björk Sveinsdóttir,

**Dagskrá:**

**1. Kosning formanns og varaformanns - Samráðsnefnd - 1809032**

*Lilja Magnúsdóttir setti fundinn sem aldursforseti og bauð fundarmenn velkomna.*

*Lilja lagði til að Iða Marsibil Jónsdóttir verði formaður ráðsins. Samþykkt samhljóða.*

*Iða Marsibil Jónsdóttir tók við stjórn fundarins.*

*Iða Marsibil lagði til að Bjarnveig Guðbrandsdóttir verði varaformaður. Samþykkt samhljóða.*

*Lagt til að fundir nefndarinnar verði haldnir annan þriðjudag hvers mánaðar klukkan fjögur, fyrst í nóvember 2018.*

*Samþykkt samhljóða.*

**2. Vestfjarðastofa - Skipan í svæðisráð strandsvæðaskipulag Vestfjarða - 1807014**

*Lagður fyrir tölvupóstur dags. 4. júlí frá Vestfjarðarstofu varðandi skipan í svæðisráð strandsvæðaskipulag Vestfjarða.*

*Fulltrúar svæðisins skipaðir í svæðisráð eru:*

*Lilja Magnúsdóttir aðalmaður og Jón Árnason til vara.*

**3. Boð um kaup á Hnjóti 2 - 1807047**

*Lagður fyrir tölvupóstur dagss. 20.07.2018 frá Guðnýju Sverkmo þar sem Hnjótur 2 er boðin til kaups. Málið hafði áður verið tekið fyrir hjá bæjarráði Vesturbyggðar þar sem því var vísað til Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps.*


*Samráðsnefndin þakkar boðið en sér sér ekki fært að þekkjast það.*


*Iðu Marsibil Jónsdóttur formanni samráðsnefndar falið að ræða við Guðnýju varðandi lóðamál Minjasafns Egils Ólafssonar að Hnjóti.*

**4. Önnur sameiginleg málefni - 1809031**


*Launavinnsla Tálknafjarðarhrepps rædd ásamt morgunferðum almenningsgangna frá Tálknafirði til Patreksfjarðar alla virka morgna.*


**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.17:55 .**

  
Iða Marsibil Jónsdóttir (IMJ)

  
Lilja Magnúsdóttir (LM)

  
Gerður Björk Sveinsdóttir  
(GBS)

  
Þórkátla Soffía Ólafsdóttir  
(ÞSÓ)

  
Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir  
(IÓÞ)

---